


Töflubreytingar í Innu

Hægt er að óska eftir breytingum á stundaskrá í Innu, t.d. til að breyta valgreinum eða óska eftir að taka áfanga úr töflu sem á ekki að vera þar. **Brautarstjórar** fara yfir beiðnir um töflubreytingar og samþykkja eða hafna.



Ekki er hægt að bæta nemendum við námshópa sem þegar eru fullir.

Nemandi sem sendir inn beiðni um töflubreytingu skuldbindur sig til að standa við val sitt ef beiðnin verður samþykkt.

Til að senda inn beiðni um töflubreytingu þarf að skrá sig inn á Innu og smella á tengilinn **Töflubreytingar** og **velja viðkomandi önn**.

Þá birtist stundataflan, leitargluggi og þeir áfangar sem þegar eru skráðir í töfluna. Ef músin er sett yfir nafn áfangans undir Míni áfangar litast sá áfangi rauður.

Veljið áfanga með því að slá áfanganúmerið í **leitargluggann**. Þá birtast þeir hópar sem eru í boði. **Hakið við** þann hóp sem óskað er eftir og þá birtast tímarnir í stundatöflunni. Nýir áfangar birtast með appelsínugulum lit. Til að hætta við að bæta við áfanga má smella á **ruslafötuna** við hann.

Til að taka burt áfanga sem þegar er skráður í töfluna er **hakið tekið úr** viðkomandi áfanga undir Míni áfangar.

Þegar búið er að velja rétta áfanga og hópa þarf að **staðfesta ósk um töflubreytingu**. Setjið athugasemdir ef þarf og ýtið svo á **Staðfesta**.

Töflubreytingar

1. Veldu áfanga: DAN2AA05

2. Veldu hóp: 3L 3TXZ-1 3U

3. Valdir áfangar: LÍFF3EF05 - LÍFF3EF-2, NÆRI3GR05 - NÆRI3GR05, DAN2AA05 - 3TXZ-1

4. Staðfesta óskir um töflubreytingu

Áfangar sem á að taka úr námsferli: Engir valdir

Áfangar sem á að bæta við námsferli:

Áfangi	Hópur	Athugasemdir (ef á við)
LÍFF3EF05	LÍFF3EF-2	
NÆRI3GR05	NÆRI3GR05	
DAN2AA05	3TXZ-1	

5. Staðfesta Loka